

Huldukonur í sögunni

– kennsluleiðbeiningar –



Ásta Kristín Benediktsdóttir, Íris Ellenberger og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir

Efnisyfirlit

A – Til kennara

Inngangur	2
Af hverju?	2
Hinsegin kynverund og fleiri hugtök	3
Hugmyndafræði	4
Gagnrýnin hugsun	5
Hæfniviðmið og aðalnámskrá	5
Uppbygging	6
Kennsluaðferðir – ábendingar	6
Heimildir	7

B – Um námsefnið

1 – Inngangur: Huldukonur í sögunni	8
2 – Buxur og kyntjáning	9
3 – Sjókonur	9
4 – Orð um orð	10
5 – Andóf gegn hjónabandi	10
6 – Þéttbýli	11
7 – Hinsegin konur í kvennahreyfingunni	12
8 – Tilfinningar milli kvenna	13
9 – Lesbíur eða kynvillingar	13
10 – Þögn og eyður	14



Inngangur

Í eftirfarandi kennsluleiðbeiningum er kynnt til sögunnar námsefnið *Huldukonur í sögunni* og heimildavefurinn sem það byggir á, *Huldukonur: Hinsegin kynverund kvenna á Íslandi fyrir 1960* – www.huldukonur.is. Vefurinn er afrakstur verkefnis sem hófst árið 2017 og miðar að því að safna og miðla heimildum um hinsegin konur og hinsegin kynverund kvenna fyrir tíma sjálfsmyndarpólitíkur – þ.e. áður en félög eins og Samtökin '78 voru stofnuð og barátta hinsegin fólks fyrir viðurkenningu og réttindum hófst. Heimildirnar eru af ýmsum toga og í námsefninu er meðal annars fjallað um ástir, nána vináttu og kynferðisleg sambönd kvenna. Einnig koma við sögu konur sem hegðuðu sér á skjön við hefðir samfélagsins, þóttu karlmannlegar eða voru jafnvel sagðar hafa verið „karlmenn“. Enn fremur er rætt um ýmis rými þar sem hinsegin kynverund þreifst og orð sem notuð voru til að lýsa hinseginleika kvenna.

Vefurinn *Huldukonur* er upplýsingaveita fyrir almenning og fræðimenn en honum er einnig ætlað að vera efnisveita fyrir kennara sem vilja fjalla um hinseginleika í kennslu í ýmsum greinum. Náms-efnið er samið með það að markmiði að hægt sé að flétta það, að hluta eða í heild, inn í kennslu í sögu, kynjafræði, íslensku og ýmsum öðrum greinum framhaldsskóla og mögulega á unglingastigi grunnskóla. Kennsluleiðbeiningarnar geta enn fremur nýst kennurum á háskólastigi sem vilja nota vefinn í kennslu.

Af hverju?

Aðalmarkmiðið með námsefninu er að bæta aðstöðu kennara í samfélagsgreinum til að fjalla um konur og hinsegin málefni í sögulegu ljósi. Þannig er unnið gegn því að sú saga sem nemendur kynnist í skólum sé fyrst og fremst saga gagnkynhneigðra og saga karla, eins og raunin hefur verið hingað til. Þegar þessar leiðbeiningar eru ritaðar er ekkert námsefni til á íslensku um kynhneigð og kynverund í sögulegu samhengi fyrir árið 1980 (u.þ.b.) og einnig er víða pottur brotinn þegar kemur að stöðu kvenna í sögunámsefni.

Ein af ástæðum þessa er að þekking á sögu hinsegin fólks, sérstaklega kvenna, hefur verið af skornum skammti og í því litla efni sem til er um sögu hinsegin fólks á Íslandi eru konur mun minna áberandi en karlar. Þetta vandamál er alþjóðlegt og helgast t.d. af því að heimildir um konur eru almennt vandfundnari en sambærileg gögn um karla. Af sömu ástæðu er sjaldan getið um samkynhneigð í rannsóknum, yfirlitsritum og námsbókum um sögu kvenna. Oft þarf því sérstakt átak til að finna slíkar heimildir, fjalla um þær og rétta hlutfall kvenna og hinsegin fólks í þeirri sögu sem er kennd og lesin. Vefurinn *Huldukonur* er dæmi um slíkt verkefni og námsefnið gerir kennurum kleift að taka þátt í átakinu og flétta efnið inn í kennslu.

Hinsegin kynverund og fleiri hugtök

Lykilhugtak í námsefninu og efninu á vefnum er *hinsegin kynverund*. Með því er átt við hvers kyns ástir, erótík og kynferðislegar þrjár sem eru óhefðbundnar og falla ekki að gagnkynhneigðum viðmiðum, en einnig óhefðbundna kyntjáningu, kynvitund og líkamseinkenni. Hugtakið *kona* er líka skilgreint vítt. Á vefnum og í námsefninu er því fjallað um fólk sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu og upplifði sig sem konur, en líka fólk sem samfélagið túlkaði eða áleit vera konur, óháð líkamsgerð þess eða kynvitund.

Hinsegin kynverund nær annars vegar yfir hinsegin sjálfsmyndir eins og við þekkjum þær í dag, svo sem trans, tvíkynhneigð, lesbía o.s.frv. – þ.e. hugmyndir um að hinseginleiki sé persónueinkenni sem er hluti af því hvernig manneskja upplifir sjálfa sig og/eða hvernig samfélagið skilgreinir hana. Hins vegar fangar hugtakið kynverund, t.d. kynhegðun og kyntjáningu, sem er hinsegin en ekki endilega hluti af sjálfsmynd viðkomandi. Með sjálfsmynd er þá átt við hugmyndir fólks um sig sjálft og sín persónueinkenni.

Hugmyndir fólks um kynverund og ýmsar hliðar hennar eru breytilegar og bundnar við samfélagslegar aðstæður hvers tíma. Það sem þykir hinsegin í dag hefur ekki alltaf verið talið hinsegin og öfugt; það sem var hefðbundið á 19. öld er stundum hinsegin á 21. öld. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar rætt er um hinsegin sögu og hinsegin kynverund fyrr á tímum.

Sem dæmi má nefna hinar frægu drengjaástir sem voru samfélagslega viðurkenndar meðal Forn-Grikkja. Um þær giltu sérstakar reglur. Þetta voru sambönd milli eldri manns og drengs; sá eldri var lærimeistari og kenndi þeim yngri, bæði um kynferðismál og annað. Sambandinu átti svo að ljúka þegar drengurinn væri orðinn kynþroska en sambönd tveggja fullorðinna karla voru ekki viðurkennd. Á þessu má sjá að hugmyndir Forn-Grikkja um samkynja ástir og kynferðissambönd voru allt aðrar en hjá okkur í dag. Orðið samkynhneigð er nútímahugtak sem nær ekki að lýsa þessum hugmyndum fyllilega og því er villandi að segja að samkynhneigð hafi verið viðurkennd hjá Forn-Grikkjum. Réttara væri að segja að drengjaástir, eða sambönd drengja og karlmanna, hefðu þar verið viðurkenndar.

Annað dæmi er „ergi“ á íslenskum miðöldum. Samkvæmt *Grágás*, elstu lögbók Íslendinga með lagabálkum frá 12. og 13. öld, var kynlíf fólks af sama kyni ekki ólöglegt og ekki var minnst á kynlíf kvenna. Hins vegar var bannað að níða karlmann með því að kalla hann *ragan*, *stroðinn* eða *sorðinn*. Þessi orð þýddu að maðurinn væri *argur*, það er að segja kvenlegur, huglaus eða að annar karl hefði ríðið honum í rass. Orðin vísuðu því til eiginleika sem taldir voru ókarlmannlegir. Þessir eiginleikar voru kallaðir *ergi*. Hins vegar þótti ekki ókarlmannlegt að ríða öðrum karli í rass. Karlar nauðguðu

jafnvel öðrum karlmönnum ef þeir vildu niðurlægja þá og sanna vald sitt. Þessar hugmyndir eru einnig augljóslega mjög ólíkar nútímahugmyndum um kynhneigð og kynverund og því er ekki nákvæmt eða viðeigandi að nota orð eins og samkynhneigð til að lýsa heimi Íslendingasagnanna.

Eftir stendur sú spurning hvort forngrísku drengjaástirnar og ergi á íslenskum miðöldum hafi verið hinsegin eða ekki. Við getum sagt sem svo að hvort tveggja sé hinsegin miðað við nútímahugsunarhátt – þ.e. lýsi athöfnum eða tilfinningum sem ekki falla að gagnkynhneigðum normum okkar tíma. En það er líka vert að velta fyrir sér hvort slík hegðun eða einkenni hafi verið hinsegin í hinu forna samhengi – þ.e. þótt öðruvísi en það sem þá þótti venjulegt og hefðbundið. Við því er ekkert eitt svar en spurningin býður upp á umræður og hvetur nemendur og kennara til að setja sig í spor fólks á öðrum tímum og í öðru menningarlegu samhengi.

Sömu spurningar og vangaveltur eiga við konurnar sem fjallað er um á vefnum *Huldukonur* og í þessu námsefni. Við getum til dæmis ekki gengið út frá því að okkar hugmyndir um samkynhneigð nái utan um, eða hjálpi okkur að skilja, nána og tilfinningaríka vináttu kvenna fyrir miðja 20. öld, því fólk hefur ekki alltaf lagt sama skilning í rómantik eða kynferðislegar langanir eða tjáð sig á sama hátt um slíkt í ræðu og riti. Við getum því almennt ekki kallað konurnar sem hér er fjallað um lesbíur, trans, tvíkynhneigðar, intersex o.s.frv. án þess að setja við það fyrirvara. Mikilvægt er að reyna að skilja heimildir í því samhengi sem þær eru hverju sinni. Eitt af markmiðum þessa námsefnis er að þjálfar nemendur í slíkri hugsun og fá þá til að ræða um konurnar og kynverund þeirra í víðu hinsegin samhengi án þess að leggja áherslu á nútíma sjálfsmyndarhugtök.

Mörg þeirra hugtaka sem notuð eru í námsefninu og kennsluleiðbeiningunum, svo sem *kynverund*, *kynvitund*, *sískyndi* og *intersex*, hafa nýlega komist í notkun á Íslandi og sum þeirra hafa verið notuð á ólíkan hátt í gegnum tíðina. Þessi hugtök eru grundvöllur námsefnisins en þau eru þó ekki skilgreind þar sérstaklega, heldur er vísað í orðskýringar á vefnum *Hinsegin frá Ö til A* – www.otila.is. Hann er mikilvægur stuðningsvefur og kennarar eru hvattir til að nota hann, bæði sjálfir og í kennslu.

Hugmyndafræði

Námsefnið byggir á fræðilegum grunni *femínískrar menntunarfræði* og *hinsegin menntunarfræði* (e. feminist pedagogy; queer pedagogy) og *hinsegin sagnfræði* og *sögu kynverundar* (e. queer historiography; history of sexuality).

Femínísk og hinsegin menntunarfræði miða að því að rýna í og horfa gagnrýnum augum á samfélagsleg norm og hvers kyns þekkingu, ekki síst þá sem byggir á karlmiðuðum og gagnkynhneigðum viðmiðum, skoða hvernig hugmyndir um hið „venjulega“ og „afbrigðilega“ verða til og þróast, hvernig þær hafa áhrif á mótun einstaklinga og hvernig sumar tegundir þekkingar eru útilokaðar eða þaggaðar, t.d. í námsefni og sögubókum. Einnig er athygli beint að tilurð og þróun þekkingar og lærdómsferlisins sjálfs; þeim félagslegu tengslum sem þar myndast og mótun sjálfsveru og sjálfsmyndar nemenda. Þekking er ekki álitin vera eitthvað sem einstaklingar geta náð valdi yfir eða tileinkað sér að fullu heldur verður hún til í gagnvirku sambandi kennara, texta og nemenda. Hlutverk femínískrar og ekki síst hinsegin menntunarfræði er þannig að sporna gegn sjálfvirkri endurtekningu eða endurvinnslu á þekkingu; að spyrja spurninga fremur en leita svara. Hinsegin sagnfræði og saga kynverundar miðast ekki við að finna lesbíur eða homma í sögunni, þótt saga þeirra verði alltaf stór hluti af hinsegin sagnfræðirannsóknum. Þess í stað er gengið út frá

Því að kynverund hafi áður fyrr tekið á sig ýmsar myndir sem oft eru frábrugðnar þeim hugmyndum sem við höfum í dag, t.d um samkynhneigð, og horft gagnrýnum augum á hvers kyns þekkingu og söguskoðun sem er mörkuð gagnkynhneigðum viðmiðum. Hinsegin sagnfræði varpar þannig ljósi á hvernig „óvenjulegar“ hneigðir, langanir og sjálfsupplifanir hafa verið túlkaðar á ólíkum tímum. Námsefnið fjallar af þeim sökum ekki bara um kynhneigð í þeim skilningi sem við leggjum í orðið í dag, þótt hún sé vissulega hluti af viðfangsefninu. Megináherslan er ekki lögð á einstakar nafngreindar konur, heldur hugmyndir, orð, rými, hegðun og fleira sem varpar sögulegu ljósi á hinsegin kynverund.

Gagnrýnin hugsun

Hugmyndafræðileg nálgun námsefnisins grundvallast á gagnrýnni hugsun um þekkingu og norm og eitt af meginmarkmiðum þess er að þjálfar og efla nemendur í slíkri hugsun. Þegar heimildir og upplýsingar eru af skörum skammti, eins og í tilfelli hinsegin sögu, koma aðferðir hinsegin sögu og hinsegin menntunarfræði að góðu gagni, meðal annars þar sem þær hvetja til skapandi hugsunar frá ýmsum sjónarhornum, sjálfstæðra vinnubragða, og vangaveltna um það sem ekki er sagt. Slík nálgun vikkar út sjóndeildarhring nemenda og gerir þá betur í stakk búna til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum í daglegu lífi jafnt sem námi og vinnu.

Hinsegin gagnrýnin hugsun um viðfangsefni felst meðal annars í því að:

- » spyrja spurninga í stað þess að leita endanlegra svara
- » staldra við og hugsa á gagnrýninn hátt um hvers kyns „staðreyndir“
- » velta fyrir sér hvað er látið ósagt og af hverju
- » skoða hvernig þekking þróast og breytist með tímanum
- » afla þekkingar á eigin forsendum
- » íhuga hvernig okkar eigin reynsla, aðstæður, stétt, kyn, kynhneigð, uppruni, líkamsgerð o.s.frv. hefur áhrif á hugmyndir okkar um viðfangsefnið
- » leitast við að setja sig í spor annarra og sjá viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni en okkar eigin

Hæfniviðmið og aðalnámskrá

Þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar námsefninu gera ráð fyrir að þegar nemandi hefur lokið við námsefnið geti hann:

- » skilgreint og beitt helstu hugtökum (tilgreind í lýsingu á köflum)
- » borið saman ólíkar birtingarmyndir hinsegin kynverundar kvenna á 18., 19. og 20. öld
- » útskýrt og borið saman hvernig hinseginleiki birtist og er skilgreindur á ólíkan hátt á mismunandi tímabilum í sögunni
- » útskýrt og rökstutt hvernig saga hinsegin kynverundar kvenna fléttast saman við nokkra grunnþætti Íslandssögunnar, t.d. sögu kvennahreyfingarinnar og þéttbýlismyndunar
- » gagnrýnt viðtekna þekkingu og norm sem tengjast kynverund og sögu
- » beitt hinsegin nálgun á söguleg viðfangsefni

Grundvallarmarkmið námsefnisins er jafnréttismenntun, sem er bundin í lög og aðalnámskrár hér á landi. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008, 23. gr.) kveða á um að nemendur á öllum skólastigum skuli fá fræðslu um jafnréttismál, þar sem leggja skal áherslu á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla frá 2011 og í kafla 2.1.4. um jafnrétti

segir að undir jafnréttismenntun falli meðal annars nám um kyn og kynhneigð. Einnig segir þar að í öllu skólastarfi skuli jafnréttislög höfð að leiðarljósi og hugað að margþættri mismunun þar sem ólíkar breytur hafa áhrif, svo sem fötlun, þjóðerni, aldur og búseta, auk kyns og kynhneigðar. Tekið er fram að eðlilegt sé að nýta í skólakerfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar hafa fram að færa, til dæmis kynjafræði og hinsegin fræði.

Námsefnið *Huldukonur í sögunni* stuðlar að framangreindu þar sem það beinir sjónum sérstaklega að konum og hinsegin kynverund, byggir á nýlegum rannsóknum á íslenskri hinsegin sögu, hinsegin sagnfræði og hinsegin menntunarfræði og beinir athygli að samspili ólíkra breyta, svo sem kyns, kynvitundar, kynhneigðar, búsetu og stéttarstöðu. Sú áhersla sem lögð er á gagnrýna hugsun og beitingu hinsegin sjónarhorns á sögulega þekkingu samræmist enn fremur fyrrgreindum kafla 2.1.4. í aðalnámskrá. Samkvæmt honum felur jafnréttismenntun meðal annars í sér „gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“ Loks segir í almennum hluta aðalnámskrár að grunnþáttum menntunar sé ætlað að stuðla að aukinni samfelli í skólastarfi þar sem þeir eiga að fléttast inn í allt starf og birtast jafnt í efnisvali, starfsháttum, vinnubrögðum og starfi skólans í heild. Námsefnið sem hér um ræðir stuðlar að slíkri samfelli þar sem það hentar í margvíslegri kennslu og getur nýst til að auka umræðu um hinsegin kynverund, konur og kynjamálefni í öllu skólastarfi.

Uppbygging

Námsefnið samanstendur af 10 köflum á pdf-formi sem hentar jafnt til útprintunar og lestrar á skjá. Þeir eru einnig aðgengilegir á hljóðformi. Kenna má kaflana alla í heild í hvaða röð sem er eða staka, því hver kafli er sjálfstæður. Þó er mælt með því að inngangskaflinn sé ávallt kenndur fyrst áður en lengra er haldið. Hver kafli samanstendur af megingreiningu, stuttum rammagreiningum um ákveðna efnisþætti og verkefnum.

Í B-hluta kennsluleiðbeininganna er kynning á hverjum kafla fyrir kennara. Þar eru tilgreind mikilvægustu hugtökin í viðkomandi kafla og markmið hans. Einnig er bent á ítarefni, heimildir og annað námsefni sem getur nýst með í kennslunni.

Meðal ítarefnis ber helst að nefna vefinn *Huldukonur* en hver kafli námsefnisins byggir á einni eða fleiri síðum á honum. Kennurum er vísað á viðeigandi síður og þar er hægt að lesa sér til um heimildirnar sem efnið byggir á, nánari umfjöllun um þær og túlkun.

Kennsluaðferðir – ábendingar

Kennurum er í sjálfsveld sett hvernig þeir vinna með námsefnið. Eins og áður segir er hægt að kenna það í heild, og nota það sem uppistöðu í áfanga eða hluta hans, en einnig er hægt að tvinna það inn í kennslu í fjölmörgum greinum. Kaflarnir **Orð um orð** og **Lesbiur eða kynvillingar** henta til dæmis í kennslu í íslensku þar sem áhersla er á mál sögu, málbreytingar og félagslega málnotkun. **Hinsegin konur í kvennahreyfingunni** og **Þéttbýli** nýtast vel í sögukennslu um fyrri hluta 20. aldar og það sama má segja um **Buxur og kyntjáning**. Síðastnefndi kaflinn tengist umræðu um atvinnugreinar og sögu þeirra og það gerir kaflinn um **Sjókonur** líka. Alla kaflana má nota í kennslu í kynjafræði því þeir fjalla á ólíkan hátt um kynhlutverk, kyntjáningu, hugmyndir um karlmennsku og kvenleika og þróun hugmynda og orðræðu um kyn og kynverund.

Verkefnin sem fylgja hverjum kafla henta bæði til umræðna og sem einstaklingsverkefni. Þau eru þó aðeins til viðmiðunar og kennarar eru hvattir til að brydda upp á eigin verkefnum og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Tilvalið er að nota markmiðin og hugtökin, sem fylgja kynningunum á köflunum hér á eftir, sem kveikju að fleiri umræðum og verkefnum, allt eftir því sem hentar hópnum og kennaranum.

Einnig eru kennarar hvattir til að nota heimildirnar á vefnum *Huldukonur* á skapandi hátt, til dæmis láta nemendur skoða hvers konar heimildir þetta eru, hvar þær eru geymdar, hver skrifar þær og hvenær og hvert heimildagildi þeirra er, eða leita að heimildum upp á eigin spýtur.

Hugmyndir að söfnum, félögum og stofnunum sem má leita til eða heimsækja:

- » Samtökin '78: Hagsmuna- og baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi sem sjá meðal annars um fræðslu um hinsegin málefni.
- » Kvennasögusafn Íslands: Sérstök eining innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem hefur það hlutverk að skrá, varðveita, safna og miðla heimildum um sögu kvenna.
- » Þjóðminjasafn Íslands – Regnbogaþráður: Hinsegin leiðarvísir í gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til: Menning og samfélag í 1200 ár*. Regnbogaþráður var opnaður í nóvember 2018 og er opinn þegar þessar leiðbeiningar eru skrifaðar en ekki er vitað hversu lengi hann verður til staðar.
- » Kvenréttindafélag Íslands: Ein elstu félagasamtök landsins sem standa vörð um réttindi kvenna, meðal annars með fræðslu.

Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla. 2012. Almennur hluti. 2. útgáfa. Reykjavík: Mennta- og menningar-málaráðuneyti.

Hafðís Erla Hafsteinsdóttir. 2017. „„Forsenda fyrir betra lífi“? Tilraun til skilgreiningar á hinsegin sögu.“ Í Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafðís Erla Hafsteinsdóttir (ritstj.) *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi* (bls. 21–58). Reykjavík: Sögufélag.

Martino, W. J., N. M. Rodriguez, J. C. Ingrej, og E. Brockenbrough (ritstj.). 2016. *Critical Concept In Queer Studies and Education*. New York: Palgrave.

Pinar, W. (ritstj.). 1998. *Queer Theory in Education*. London: Lawrence Erlbaum Associates, Publishers.

Weeks, J. 2016. *What is Sexual History?* Cambridge (UK) & Malden: Polity Press.

Myndirnar í þessu námsefni eru fengnar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Íslands og Cornell University Library. Hönnun og umbrot var í höndum Gjallarhorns ehf.



1- Inngangur: Huldukonur í sögunni

Í þessum inngangskafla er fjallað um grundvallarhugtök og þá aðferðafræði sem námsefnið og vefurinn *Huldukonur* – www.huldukonur.is – byggir á. Mikilvægt er að kennarar og nemendur taki sér góðan tíma í upphafi til að kynna sér vefinn, hugtökin og aðferðafræðina. Fjöldmörg fleiri hugtök eru skýrð á vefnum *Hinsegin frá Ö til A* – www.otila.is. Mælt er með því að nemendur fái tíma og séu hvattir til að skoða hann vel og læra að nota hann.

Mikilvæg hugtök

Hinsegin, kona, kyn, kynverund, kyneinkenni, kynvitund, kynhneigð

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » ofangreind lykilhugtök og muninn á þeim
- » vefinn *Hinsegin frá Ö til A* og ýmis hugtök sem tengjast hinsegin málefnum og sögu kynverundar
- » hvað felst í að skoða söguna frá hinsegin sjónarhorni
- » vefinn *Huldukonur* og efni hans í grófum dráttum

2 – Buxur og kyntjáning

Mikilvæg hugtök

Kyntjáning, kynhlutverk, karlmennska, karlmannleg (karlmannlegur), sögur

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » hvernig karlmennska og kvenleiki, og það sem þýkir karlmannlegt og kvenlegt, eru hugmyndir sem breytast með tímanum
- » hvað kyntjáning er og hvernig hún er hluti af hugmyndum um kyn, kvenleika og karlmennsku
- » hvernig kyntjáning tengist ólíkum störfum og stéttum
- » hvað sögur og munnmæli geta sagt okkur um hugmyndir fólks um kyn og kynverund
- » hvort og þá hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Konur í buxum](#)

Tilvalið að kenna með

- » *Íslands- og mannkynssaga NB I*. Kaflar: Sveitastörf bls. 229–230 og Kyrrstaða á Íslandi 231–232.
- » *Íslands- og mannkynssaga NB II*. Kafli: Íslenskt samfélag á 19. öld bls. 78–96.

3 – Sjókonur

Mikilvæg hugtök

Rými, kyntjáning, kynhlutverk, sögur, karlmannleg (karlmannlegur)

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » nokkur rými þar sem ólíkar „reglur“ og hugmyndir um kyn og kynverund gilda
- » hvernig karlmennska og kvenleiki, og það sem þýkir karlmannlegt og kvenlegt, eru hugmyndir sem breytast með tímanum
- » hvað kyntjáning er og hvernig hún er hluti af hugmyndum um kyn, kvenleika og karlmennsku
- » hvernig kyntjáning tengist ólíkum störfum og stéttum
- » hvað sögur og munnmæli geta sagt okkur um hugmyndir fólks um kyn og kynverund
- » hvort og hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Sjókvenska](#)

Tilvalið að kenna með

- » *Nýir tímar*. Kafli: Atvinnufrelsispróun bls. 106–111
- » *Íslands- og mannkynssaga NB I*. Kaflar: Sveitastörf bls. 229–230 og Kyrrstaða á Íslandi bls. 231–232.
- » *Íslands- og mannkynssaga NB II*. Kaflar: Íslenskt samfélag á 19. öld bls. 78–96, sér í lagi Skútuöld bls. 91–93.
- » *Lýðræði og tækni*. Kafli: Síðbúin atvinnubylting á Íslandi bls. 57–63, sér í lagi Skútuöld í sjávarútvegi bls. 60.

4 – Orð um orð

Mikilvæg hugtök

Kynvitund, kynhneigð, kyneinkenni, gröð (graður), sögur, karlmannleg (karlmannlegur)

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » af hverju orð eins og lesbía, trans og intersex eiga ekki vel við um fólk á 18. og 19. öld
- » af hverju orð eins og gröð voru fyrir á tímum notað til að lýsa mörgum ólíkum eiginleikum kvenna, þótt þau þýði annað í dag
- » hvernig karlmennska og kvenleiki, og það sem þykir karlmannlegt og kvenlegt, eru hugmyndir sem breytast með tímanum
- » hvað sögur og munnmæli geta sagt okkur um hugmyndir fólks um kyn og kynverund

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Viðurnefni](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Lesbíur og kynvilla](#)

5 – Andóf gegn hjónabandi

Mikilvæg hugtök

Samfélagsleg staða, stétt, hjónaband, kynhlutverk, sögur, ónáttúra (ónáttúrulegt)

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » hvernig hjónaband tengist kyni og kynverund, sérstaklega hinsegin kynverund
- » hvaða máli stétt og samfélagsleg staða skipti á 18. og 19. öld þegar kom að möguleikum kvenna til að ganga í hjónaband eða gera það ekki
- » hvernig karlmennska og kvenleiki, og það sem þykir karlmannlegt og kvenlegt, eru hugmyndir sem breytast með tímanum
- » hvað sögur og munnmæli geta sagt okkur um hugmyndir fólks um kyn og kynverund
- » hvort og hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Afhuga hjónabandi](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Píparjúnkur og sjálfstætt líf](#)

Tilvalið að kenna með

- » *Styrjaldir og kreppa*, sér í lagi Konur í vinnu utan heimilis bls. 32.



6 – Þéttbýli

Mikilvæg hugtök

Þéttbýlismyndun, iðnbylting, hjónaband, sambönd kvenna

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » hvaða áhrif iðnbylting og þéttbýlismyndun hafði á líf kvenna sem voru hinsegin og/eða vildu ekki giftast
- » hvaða máli stétt og samfélagsleg staða skipti í byrjun 20. aldar þegar kom að möguleikum kvenna til að ganga í hjónaband eða gera það ekki
- » hvað er líkt og ólíkt með hjónabandi annars vegar og sambúð og nánnum samböndum kvenna hins vegar
- » hvort og hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Piparjúnkur og sjálfstætt líf](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Stéttarstaða og hinseginleiki](#)
- » *Huldukonur* – vefur: Afhuga hjónabandi

Tilvalið að kenna með

- » *Þættir úr menningarsögu*. Kafli: Móðernisminn og borgin bls. 184–193.
- » *Nýir tímar*. Kafli: Atvinnufrelsispróun bls. 106–111.
- » *Íslands- og mannkynssaga NB II*. Kaflar: Iðnbylting og borgarlíf bls. 57–77 og Íslenskt samfélag á 19. öld bls. 78–96. Sér í lagi sérstaklega undirkaflarnir Lífsstíll borgarastéttarinnar bls. 73–75 og Bæjarlíf í Reykjavík bls. 93–95.
- » *Sögueyjan 2*. Kafli: 9. Endalok bændasamfélagsins bls. 79–88. Sér í lagi undirkaflinn Þéttbýli bls. 84–85
- » *Sögueyjan 3*. Kafli 2. Ísland iðnvæðist bls. 15–24. Sér í lagi Þéttbýli bls. 19–20.

7 – Hinsegin konur í kvennahreyfingunni

Mikilvæg hugtök

Kvennahreyfingin, þéttbýlismyndun, rými, samkynhneigð, sambönd kvenna, tilfinningar, vinátta

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » rými þar sem ólíkar „reglur“ og hugmyndir um kyn og kynverund gilda
- » hvernig kvennahreyfingin skapaði rými fyrir náin sambönd kvenna
- » hvaða áhrif þéttbýlismyndun hafði á kvennahreyfinguna og sambönd kvenna
- » hvað er líkt og ólíkt með hjónabandi annars vegar og sambúð og nánum samböndum kvenna hins vegar
- » hvort og hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki
- » hver munurinn er á a) hugmyndum fólks við upphaf 20. aldar um sambönd kvenna, og b) hugmyndum fólks um ástarsambönd kvenna í nútímanum

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Kvennahreyfingin](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Rómantik og tilfinningar](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Lífsförunautar](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Þagnir í heimildum](#)
- » Myndband um baráttu kvenna fyrir kosningarétti árið 1915 í þáttaröðinni *Öldin hennar* frá 2015: <https://vimeo.com/118818830>
- » Umfjöllun Svanhildar Óskarsdóttur um Ingibjörgu Ólafsson: http://www.arnastofnun.is/page/ingibjorg_olafsson

Tilvalið að kenna með

- » *Þættir úr sögu vestrænnar menningar*. Kafli: Kvenfrelsi og kosningaréttur, bls. 18–21.
- » *Nýir tímar*. Kafli: Kvenfrelsispróun, bls. 125–130.
- » *Íslands- og mannkynssaga NB II*. Kaflar: Konur, Kvenréttindi
- » *Sögueyjan 3*. Kafli: 4. Kvenréttindi, félagsmál og menning, einkum Konur fagna kosningarétti bls. 35–36 og Kvenréttindi bls. 36–37.
- » *Lýðræði og tækni*. Kafli: Mannréttindi kvenna bls. 137–145.

8 – Tilfinningar milli kvenna

Mikilvæg hugtök

Sambönd kvenna, tilfinningar, vinátta, sögur

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » hver munurinn er á a) hugmyndum fólks við upphaf 20. aldar um sambönd kvenna, og b) hugmyndum fólks um ástarsambönd kvenna í nútímanum
- » hvað sögur og munnmæli geta sagt okkur um hugmyndir fólks um kyn og kynverund
- » hvort og hvernig þær konur, sem nefndar eru í kaflanum, eru hinsegin eða ekki

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Rómantík og tilfinningar](#)

Tilvalið að kenna með

- » *Nýir tímar*. Kafli: Frelsisbarátta tilfinninganna bls. 116–119.

9 – Lesbíur eða kynvillingar

Mikilvæg hugtök

Kynhneigð, sjálfsmynd, lesbía, samkynhneigð

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » af hverju orð eins og *lesbía* eða *samkynhneigð* eiga ekki vel við um fólk fyrir miðja 20. öld
- » af hverju verða ný orð, eins og *lesbía*, *samkynhneigð*, *trans* eða *sískynja* til og af hverju byrjar fólk að nota þau?

Ítarefni og heimildir

- » *Huldukonur* – vefur: [Viðurnefni](#)
- » *Huldukonur* – vefur: [Lesbíur og kynvilla](#)





10 – Þögn og eyður

Mikilvæg hugtök

Sambönd kvenna, heimildir, skjalasöfn, varðveisla, þögn, eyður

Markmið

Að nemendur kynni sér, geti útskýrt og/eða tekið dæmi um:

- » af hverju það getur verið erfitt að finna sögulegar heimildir um hinsegin kynverund kvenna
- » hvernig sú Íslandssaga sem við þekkjum markast af þeim heimildum sem hafa verið varðveittar og hvernig hún gæti verið öðruvísi ef aðrar heimildir hefðu varðveist

Ítarefni og heimildir

- » Huldukonur – vefur: [Eyður](#)
- » Huldukonur – vefur: [Þagnir í heimildum](#)